Hjá Örlygi Sigurðssyni listmálara á Kjarvalsstöðum

„Í hrifningu augnabliksins"

allt í einu segir lávaxinn maður sem stendur við hliðina á mér í sömu erindagjörðum. „Ég hef einhversstaðar séð þig áður", og ég minnti forsetaefnið á að ég hefði tekið kvikmynd um hann, en þar með voru bunurnar liðnar hjá." Þetta þótti Örlygi svo heimilislegt að hann tók eina hviðu með hnykk.


„Það er bara tilviljun hvað af myndunum mínum er á þessari sýningu," sagði Örlygur. „Þetta eru olíu-, acryl-, vantslita- og litkrítarmyndir, blýants- og blekteikningar. Þetta eru stemmningar frá Íslandi, Danmörku, Bandaríkjunum, Frakklandi, Miðjarðarhafinu og hreint úr öllum áttum."

Og það er ekkert verið að tala úr tómum kofunum, því að maður getur rennt við í Laugarneshverfinu, á Akureyri, í siglingu á Signu eða hjá skagfirskum merakóngum og þarna eru á ferðinni myndir af einstaklingum eins og séra Jóni Saxófón, Sigurði Berndsen, Arnþóri Jenssyni á Eskifirði, Sverri Haraldssyni og þarna eru Jökull Jakobsson, Þórður á Dagverðará, Skúli Halldórsson, Halldór Pétursson, Einari ríki, séra Matthías í kaffi hjá Maríu á Barði, Steingrímur bæjarfógeti frá Gaut og margir margir fleiri sem gustað hefur af.

Það fer ekkert á milli mála að það er líf og fjör í kring um Örlyg Sigurðsson, akureyrskan gæðing og íslenzkt eldfjall af alvörustærð.

„Ég vona að fólk líti inn hérna hjá mér," sagði Örlygur þegar hann fylgdi mér út á hlað Kjarvalsstaða," ég er að skemmta fólki með þessari sýningu og mér finnst að málaralistin í dag þurfi á húmor að halda. Það er verið að skamma prestana fyrir að tala fyrir tómum kirkjum og margir málarar kvarta yfir dræmri aðsókn að sýningum. Þetta er þeim sjálfum að kenna, því að þeir sem gleyma gamanseminni ríma ekki við mannlífið og þetta sést bezt á mér, aldrei hef ég þurft að kvarta yfir áhugaleysi fólks á verkum mínum."

Ljón norðursins, teiknað af ljósi norðursins.





Á Akureyri.



Frá skírnarveizlu listamannsefnis og til vinstri er Sigurður Haralds son skáld í þungum þönkum undir oki heimsins.



Mynd Örlygs af Einari ríka.

BLÓM VIKUNNAR (171)

UMSJÓN: ÁB.

Bláklukkur II

(Campanula)

Steinhæðaklukkur

ÍSLENSKA BLÁKULKKAN (C.rotundifolia) er alþekkt og oft flutt í garða. Hún er ein algengasta plöntutegund á Austurlandi en fremur sjaldgæf annarsstaðar á landinu. Þetta er þeim mun furðulegra þar sem þessi tegund hefur óvenjulega stórt úrbreiðslusvæði um alla Norður-Evrópu, Síberíu og norðanverða Norður-Ameríku, þ.e. hringinn í kringum hnöttinn á breiðu belti. Enda er hún mjög breytileg og flokkuð í tugi deilitegunda. Sumar þeirra eru jafnvel taldar sérstakar tegundir og veldur þetta oft misskilningi og nafnaruglingi. Ýmis þessara erlendu afbrigða munu vera hér í ræktun og eru blóm þeirra oft stærri en ísl. bláklukkunnar. Afbrigði með hvít blóm er jafnvel fallegri en aðaltegundin.

HJARTAKLUKKA (C. carpatica) er lágvaxin tegund og ættuð eins og nafnið bendir til úr Karpatafjöllum og mun hafa verið tekin í ræktun í Englandi árið 1774. Þetta er ein af þeim allra auðveldustu í ræktun en verður þó fallegust þar sem sólar nýtur vel.

Laufblöðin eru lítil og hjartalaga en blómin allstór, skállaga og upprétt. Þau eru oft ljósblá en líka eru til dekkri afbrigði og einnig afbrigði með hvít blóm. Þessi afbrigði hafa fengist með því að velja óvenju fallega einstaklinga úr fjölda fræplantna. Hjartaklukkan stendur lengi í blóma síðari hluta sumars og er venjulega þakin blómum.

SMÁKLUKKA (C. cochlearifolia — C. pusilla) er önnur mjög algeng steinhæðaklukka. Hún vex um mikinn hluta Evrópu í háfjöllum og minnir talsvert á ísl. bláklukkuna. Smáklukkan er þó öll þéttvaxnari og lægri og með ólíkindum blómsæl svo manni finnst stundum að ekki væri vanþörf á að grisja blómin svolítið. Klukkurnar eru litlar, hangandi og álíka víðar og þær eru langar, með stutta krónuflipa. Þær eru oft fölbláar eða ljósfjólubláar og einnig er til mjög fallegt hvítt afbrigði. Smáklukka þarf sólríkan stað.

ALPAKLUKKA (C. pulla) er langt frá því að vera síst þeirra sem þegar voru nefndar. Hún er talsvert ólík þeim því hún myndar



Hjartaklukka (C. carpatica)

þétta breiðu af smá blaðhvirfingum með örlitlum glansandi egglaga laufblöðum. Úr hverri blaðhvirfingu kemur 5—8 sm langur blómstöngull með fáeinum litlum laufblöðum og einni hangandi klukku sem er löng og mjó dökkrauðfjólublá á lit. Hún er ákaflega dugleg að blómstra og er meðal þeirra tegunda sem stendur lengst í blóma um mitt sumar.

Henni líður auðsjáanlega best í rökum jarðvegi og skríður þá mikið. Hún er líka ein þeirra tegunda sem getur orðið allt að því eins falleg á skuggsælum stað og má því nota hana á ýmsa aðra staði en í steinhæð.

H.S.